

Ný styrktarverkefni

Rauði kross Íslands fær 20 milljónir króna til stuðnings þremur verkefnum:

- **Hjálparsímanum 1717.**
- **Aðgerðum RKÍ vegna efnahagsþrenginga í samfélaginu**, sérstaklega þeim sem varða sálrænan stuðning.
- **Vin**, athvarfi RKÍ fyrir fólk með geðraskanir.

Fjárhæðinni verður skipt á milli verkefnanna þriggja. Þörf fyrir aðstoð Rauða krossins af þessu tagi hefur aukist stórlega í efnahagskreppunni.

Rökstuðningur stjórnar Auroru:

Rauði krossinn nýtur virðingar fyrir umfangsmikið mannúðarstarf sitt heima og heiman þar sem fagmennska og óeigingirni er í fyrirrúmi. Aurora velgerðasjóður ákvað að veita aðstoð þeim sem verst verða úti í efnahagskreppunni á Íslandi og þá lá beinast við að leita til Rauða krossins um samstarf. Verkefni þrjú, sem Aurora styrkir í ár, eru ólík en þjóna í heild mismunandi hópum sem eiga um sárt að binda.

Nýstofnaður Hönnunarsjóður Auroru er tilraunaverkefni til þriggja ára og fær 25 milljónir króna á ári til að styrkja hönnuði við að koma verkefnum sínum á framfæri og aðstoða við vöruþróun, frumframleiðslu og markaðssetningu héraðs og erlendis. Sjóðurinn mun einnig miðla þekkingu á sviði hönnunar og stuðla að samstarfi hönnuða og aðila úr atvinnulífinu. Sjóður af þessu tagi hefur aldrei verið til á Íslandi. Hönnunarsjóður Auroru opnar fljótlega heimasíðuna honnunarsjodur.is og þar verður hægt að nálgast frekari upplýsingar um starfsemina.

Rökstuðningur stjórnar Auroru:

Þörf er á sérstökum hönnunarsjóði á Íslandi til að styðja við bak efnilegra hönnuða en ekki síður til að efla grasrótastarf í hönnun og vera vettvangur hugmynda og skapandi hugsunar í greininni. Stjórn Auroru vonar að nýi sjóðurinn stuðli að því að íslensk hönnun vaxi og dafni og verði ein þeirra stöða sem skotið verði undir atvinnulífið við endurreisn þess.

Hugi Guðmundsson tónskáld fær 3 milljónir króna fyrir hönd aðstandenda heimasíðunnar MusMap.com til styrktar alþjóðlegu menningarverkefni sem ætlað er að efla klassíska tónlist og vinna henni ný lönd með því að nota Vefinn.

Rökstuðningur stjórnar Auroru:

MusMap.com er afrakstur sjálfboðavinnu í þeim frumkvöðlaanda sem Aurora velgerðasjóður vill hlúa að og efla, einstætt viðfangsefni á sinn hátt og stuðlar ekki síst að því að klassísk tónlist nái eyrum ungs fólks. Hugi Guðmundsson hefur skýra framtíðarsýn í þessum efnum og þó verkefnið sé tiltölulega smátt í sniðum, enn sem komið er, hefur það alla burði til að verða drifkraftur og áhrifavaldur í heimi klassískrar tónlistar.

UNICEF á Íslandi fær 3,5 milljónir króna til styrktar verðlaunuðu útvarpsverkefni samtakanna með börnum og ungmennum í Mósambík sem snýr að jafningjafræðslu, sjálfstyrkingu og þátttöku barna. Ríkisútvarpið, Rás 1, undirbýr nú útvarpsþætti fyrir börn í samvinnu við UNICEF í tilefni tvítugsafmælis Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Rökstuðningur stjórnar Auroru:

Verkefnið í Mósambík er hrifandi dæmi um jafningjafræðslu þar sem börn og unglingar nota útvarp til að ræða saman á eigin forsendum um ýmis vandamál sem að þeim steðja. Áform UNICEF og Rásar 1, um að stofna til útvarpsþáttar með verkefnið í Mósambík sem fyrirmynd, eru

mjög áhugaverð en markmiðið er að koma á tengslum ungmenna í þessum tveimur löndum og stefna þannig saman ólíkum reynsluheimum þeirra.

Verkefni til þriggja ára sem fá styrki í annað sinn

Menntaverkefni UNICEF í Afríkuríkinu Síerra Leóne fær 40 milljóna króna framhaldsstyrk til að byggja upp barnvænt menntakerfi og skólahúsnæði, einkum með þarfir stúlkubarna í huga. Stofnað var til verkefnisins í fyrra og jafnframt tilkynnt að Aurora myndi ráðstafa til þess alls 120 milljónum króna í þrennu lagi á árunum 2008-2010. Styrktarverkefnið í Síerra Leóne er hið stærsta og umfangsmesta á vegum Auroru velgerðasjóðs til þessa. Í krafti verkefnisins hafa á annað hundrað kennarar hlotið þjálfun nú þegar. Framkvæmdir við byggingu níu skóla í héraðinu Kono eru vel á veg komnar með tilheyrandi vatnsveitu- og frárennsliskerfum, húsbúnaði og kennslugögnum.

Kraumur, tónlistarsjóður Auroru fær 20 milljónir króna til að styrkja ungt tónlistarfólk til listsköpunar og til kynningar á verkum sínum. Kraumur var stofnaður í ársbyrjun 2008 að frumkvæði Auroru velgerðasjóðs og var þá tilkynnt að Aurora myndi ráðstafa til tónlistarsjóðsins alls 50 milljónum króna í þrennu lagi á árunum 2008-2010. Stjórn Auroru ákvað að bæta 5 milljónum króna við 15 milljóna króna framlag í ár, enda hefur Kraumur sýnt og sannað að hans er þörf. Nærvera sjóðsins skiptir miklu máli í íslensku menningarlífi. Starfsemi Kraums er umfangsmikil og blómleg og sjóðurinn hefur víða komið við. Hann styrkti tónleika og tónleikaferðalög heima og heiman, aðstoðaði við markaðssetningu og stóð fyrir nýjum tónlistarviðurkenningum, Kraumsverðlaunum, svo nokkuð sé nefnt. Frekari upplýsingar eru á líflegri heimasíðu Kraums, kraumur.is/.

aurorafund.is

Aurora velgerðasjóður gerir út heimasíðuna aurorafund.is þar sem er að finna samþykktir, starfsreglur og ýmsar fleiri upplýsingar um velgerðasjóðinn, um Kraum tónlistarsjóð, um Hönnunarsjóð Auroru og önnur styrktarverkefni, ný og gömul. Þar eru einnig upplýsingar um stjórnir og stjórnendur Auroru velgerðasjóðs, tónlistarsjóðsins Kraums og Hönnunarsjóðs Auroru.